

FORSETA BRÉF

um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 9. júní 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að þar sem almennar kosningar til Alþingis hafi síðast farið fram 25. og 26. október 1959 og umboð þingmanna falli því eigi niður, án þingrofs, fyrr en á hausti komanda, er fjögur ár eru liðin frá kjördegi 1959, en hentara þyki, að kosningarnar fari fram fyrr á árinu, beri nauðsyn til að rjúfa Alþingi, og ákveða kjördag samkvæmt 130. gr. laga nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Því mæli ég svo fyrir, að Alþingi er rofið frá og með 9. júní 1963. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 9. júní 1963.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Nr. 39.

26. apríl.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar.

2. gr.

Í stað „134. gr.“ í 14. gr. laganna komi: 128. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 26. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.